

Fundargerð fjallskilanefndar Laxárdals 2020

Mánudaginn 10. ágúst 2020 kom fjallskilanefnd saman til fundar að Svarfhóli kl. 13:00. Allir fundarmenn voru mættir.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Þetta var gert:

1. Aðalbókarhreyfingar fjallskilasjóðs lagðar fram og er staðan við Dalabyggð - 89.582. Fjárhagur ræddur í framhaldi þess. Dagsverk er aðeins reiknað á það fé sem er skráð á Ljárskógafjall, Norðurfjöll og Suðurfjöll. Hausagjald ákveðið kr. 145 á kind. Dagsverkið er metið á 25.000 þúsund. Ákveðið var að hafa 40 kindur í dagsverki.
2. Álagning fjallskila í Laxárdal. Dagsverkum var jafnað niður á fjáreigendur, Fjallskilanefndin samþykkti að leitir fari fram skv. fjallskilareglugerð. Fyrsta leit fari því fram á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 19. sept og fyrsta rétt sunnudaginn 20. sept. kl 12:00. Á suðurfjöllum 27. og 28. sept. Önnur leit fari fram á Ljárskógafjalli og norðurfjöllum laugardaginn 3. okt og önnur rétt sunnudaginn 4. okt kl 16:00. Á suðurfjöllum 5. og 6. okt. Þriðju leit skal vera lokið fyrir 25. okt. Fé sem sótt er utan lögréttar tíma með samþykki fjallskilanefndar skal flutt í fjárhúsin á Svarfhóli í samráði við Harald Ó Haralds. Nefndin ákvað að semja við Böðvar B Magnússon og Bjarna Hermannsson um flutning á fé úr réttum, en eingöngu er samið um flutning fjár á lögréttar tíma. Ef flytja þarf á öðrum tíma þurfa eigendur að bera þann kostnað sjálfir og eða leita eftir samþykki fjallskilanefndar hverju sinni. Fé úr Bitru skal sótt í samráði við réttarmenn sem þangað fara á réttardag. Að öðrum kosti ef næst á fullan bíl, annars verður að leita eftir samþykki fjallskilanefndar um flutning á kostnað fjallskilasjóðs.
3. Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að fara með safngirðingum og gera við fyrir lögréttir. Þörf er á að laga réttina fyrir haustið. Laga þarf aðkomu að réttinni fyrir fé og vagna. Var réttarstjóra falið að fara yfir þessi mál með vörslumanni eigna hjá Dalabyggð.
4. Fjallskilanefnd hefur áhyggjur af fjölgun refa á svæðinu og vill árétta við sveitastjórn að finna lausn á þeim málum.
5. Lögð er áhersla á að fjáreigendur skili sínum dagsverkum samkvæmt leitarseðli.
6. Samþykkt var að fjallskilasjóður greiði fyrir kvöldverð leitarmanna á Ljárskógafjalli sem nemur einu dagsverki.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Harald Ó Haralds (formaður)
Fanney Þóra Gísladóttir
Jónína Magnúsdóttir